

14. Frumvarp

til laga um fyrirhleðslu fyrir Þverá og Markarfljót.

(Lagt fyrir Alþingi 1917.)

1. gr.

Til þess að varna skemdum af ágangi vatns úr Þverá og Markarfljóti í Rangárvallasýslu skulu gerðar fyrirhleðslur með tilheyrandi flóðgáttum, samkvæmt þeim mælingum, sem gerðar hafa verið eða gerðar verða.

2. gr.

Landssjóður kostar fyrirhleðslur þessar að $\frac{3}{4}$ hlutum, en sýslufjelag Rangárvallasýslu að $\frac{1}{4}$ hluta.

3. gr.

Sýslunefnd Rangárvallasýslu veitist heimild til að jafna niður, að einhverju eða öllu leyti, þeim hluta fyrirhleðslukostnaðarins, sem sýslufjelaginu ber að inna af hendi samkvæmt 2. gr., á jarðir þær í sýslunni, sem hagnað hafa af fyrirhleðslunni.

Við niðurfjöfnun þessa skal aðallega miðað við þær skemdir, sem þegar eru orðnar á jörðunum af ágangi þessara vatnsfalla, en ætla má að aftur ljetti af, eða sem vissa þykir fyrir að varnað verði með fyrirhleðslunum. Skal sýslunefnd afla ábyggilegra skýrslna um þetta, áður en jafnað er niður gjaldinu, og skulu skýrslurnar gefnar af 2 óvilhöllum mönnum, er til þessa skulu sjerstaklega dómkvaddir. Verði þeir eigi sammála um einhver atriði, dómkveður hjeraðsdómari, ef hann á hjer eigi hagsmuna að gæta, ella næsti hjeraðsdómari, þriðja manninn sem oddamann.

Niðurjöfnun sýslunefndar geta jarðeigendur, sem gjaldi er jafnað niður á, skotið til landsstjórnarinnar, er lætur rannsaka málavöxtu og leggur á þá fullnaðarúrskurð.

4. gr.

Sje gjald það, er þannig er jafnað niður á jarðir þær, sem hjer eiga hlut að máli samkvæmt 3. gr., eigi greitt með þeim hætti, er sýslunefnd áskilur, getur hún látið taka eignarnámi jörð þá, sem vanskilin stafa frá, og verður sýslufjelagið eigandi jarðarinnar. Greiðir það jarðeiganda, það sem umfram er af matsverði jarðarinnar, gjaldi því og kostnaði, sem honum ber að greiða.

Til þess að meta jörð til eignarnáms samkvæmt því, sem hjer segir, dómkveður hjeradsdómari 3 óvilhalla menn, er óviðriðnir eru fyrirtækinu. Um mat þetta, og yfirmat, þurfi á því að halda, fer að öðru leyti eftir lögum nr. 65, 22. nóv. 1913 um vatnsveitingar, 18. og 20. gr.

5. gr.

Landsstjórnin sjer um framkvæmd fyrirhleðslna þeirra, sem ræðir um í lögum þessum, en umsjón og viðhald verksins, að því loknu, annast sýslunefnd. Kostnaði, sem af viðhaldi leiðir, getur sýslunefndin jafnað niður á hlutaðeigandi jarðir eftir sömu reglum og 3. gr. setur um niðurjöfnun á stofnkostnaðarhlutdeild sýslufjelagsins.

Leiguliði á jörð skal skyldur, ef jarðeigandi krefst, að viðlögðum ábúðarmissi, að greiða hinn árlega niðurjafnaða viðhaldskostnað, en af stofnkostnaði eigi meira en vexti af því, sem jarðeigandi hefur lagt fram.

6. gr.

Þyki nauðsynlegt að gera aukningar og umbætur á fyrirhleðslunum, sem að áliti sýslunefndar og landsstjórnar í sameiningu eru stærri en svo, að fært þyki að reikna þær til viðhalds verksins eftir 5. gr., skulu þær kostaðar af landssjóði að $\frac{3}{4}$ hlutum, en að $\frac{1}{4}$ af sýslufjelinu, á sama hátt og lög þessi ákveða um stofnkostnað fyrirhleðslanna.

7. gr.

Landsstjórninni er heimilt eftirlit með því, að mannvirkjum þeim, er gerð verða, sje vel við haldið, og skal sýslunefnd Rangárvallasýslu skylt, að hlita fyrirskipunum hennar hjer að lútandi.

Um viðhaldið og alt það, er þar til heyrir, skal sýslunefnd gera samþykkt, og skulu þar greindar jarðir þær allar, sem verkið nær til samkvæmt ákvæðum þessara laga. Hefir samþykktin öðlast gildi, er hún hefur hlotið staðfesting stjórnarráðsins.

Sektir má ákveða í samþykktinni fyrir brot gegn henni, og renna þær í sjerstakan sjóð, til viðhalds fyrirhleðslunum. Með brot gegn samþykktinni skal fara sem almenn lögreglumál.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Eins og kunnugt er hefur Markarfljót valdið mjög miklum skemdum á miklu og frjósömu landi í Fljótshlíð, Landeyjum og víðar, eftir að það braust yfir í farveg Þverár, og eru frjósöm hjeruð enn í yfirvofandi hættu af ágangi þessara vatna. Hefur á seinni árum verið unnið að því af landsverkfræðingi, að rannsaka, hvernig megi hefta skemdirnar og vinna upp aftur land það, sem skemst hefur, og gerð áætlun um kostnað við verk það. Markmið mannvirkja þeirra, sem nauðsynleg eru, er í fyrsta lagi, að veita Þverá í hinn gamla Markarfljótsfarveg, þar næst að búa þar svo um, að ekki verði skemdir af, að alt vatnið fær framrás vestur með Eyjafjöllum, og í þriðja lagi gera fullnægjandi útbúnað til þess, að jökulvatn náist til áveitu í Vestur-Landeyjum og víðar, þar sem unt er. Samkvæmt áætlun, sem landsverkfræðingur Jón Þorláksson gerði 1915, var gert ráð fyrir, að kostnaður við verkið yrði 138930 krónur, en vegna hækkunar á vinnulaunum og verði á efni og áhöldum, ráðgerir landsverkfræðingur Geir G. Zoëga, að hækka verð áætlunarupphæðina um 20%, og megi ekki búast við að kostnaðurinn verði minni en 167000 krónur. Vegna þess að þetta er dýrt og vandasamt verk, er það alveg ofurefli hlutaðeigendum og verður landssjóður að leggja til drýgsta skerfenn, svo sem Alþing hefur einnig fallist á, þar sem það veitti á gildandi fjárlögum 15000 kr. til byrjunar verksins. Á fjárlögum fyrir næstu ár, er svo lagt til, að leggja fram 12000 kr. á ári. Á móti þessu þykir hæflegt, aðsýslufelagið leggi til $\frac{1}{4}$ hluta kostnaðarins, en verði jafnframt heimilað, að jafna tillagi sínu á þá jarðeigendur, sem hag hafa af verkinu. Til þess að koma þessu fyrir, er lagafrumvarp það, sem hér liggur fyrir, samið. Skal þess getið, að frumvarpið hefur verið sent sýslunefnd Rangárvallasýslu til álita, og hefur hún gengið að því með samþykkt á aðalfundi sínum 19. apríl þ. á.

Um einstakar greinar frumvarpsins, skulu gerðar þær athugasemdir, sem nú skal greina.

Við 1. gr.

Mannvirki þau, sem gera þarf, eru samkvæmt mælingum og rannsóknum landsverkfræðings, áætluð aðallega þessi:

1. Framlenging varnargarðs hjá Seljalandsmúla, sem gerður var 1910 til varnar því, að Markarfljót rynni austur með Eyjafjöllum. Framlenging þessi er 600 metra á lengd.
2. Garður norður af Stóru-Dímon.
3. Garður suður af Stóru-Dímon.
4. Garður norður af Litlu-Dímon.
5. Aðalgarðurinn um 3000 m. langur suðvestur frá Þórólfsfelli, er á að veita öllu jökulvatninu í Markarfljótsfarveginn, en flóðgátt við Þórólfsfell gerir mögulegt að veita jökulvatni í Þverárfarveginn hæflega miklu til áveitu.

Við 2. gr.

Hjer að framan var gerð grein fyrir skiftingarhlutfallinu milli landssjóðs og sýslusjóðs.

Vestur-Eyjafjallahreppur hafði áður heitið hlutdeild sinni til framlengingar Seljalandsгарðsins, en rjett þykir, að það breytist og teljist með hlutdeild sýslu-

fjelagsins, sem lögin mæla fyrir um, þar sem garður þessi verður einn hluti aðalverksins.

Við 3. gr.

Sýslunefnd Rangárvallasýslu er heimilað, að jafna öllu tillaginu á þær jarðir, sem njóta góðs af verkinu. En jafnframt er gert ráð fyrir og heimilað, að sýslunefndin láti sýsluna í heild sinni bera nokkurn hluta tillagsins, því að henni er líka hagnaður að uppgangi fleiri eða færri jarða í hjerðinu.

Við 4. gr.

Þá er lagt er svo mikið gjald á jörð, sem hjer ræðir um, er rjett að eigandi geti komist undan gjaldinu með því að láta jörðina af hendi eftir mati, og sýslan verður að geta tekið jörðina eignarnámi, ef ekki er greitt gjaldið. Hinsvegar ber að gera ráð fyrir, að sýslufjlagið geri aðgengilega samninga um greiðslur þessar við jarðeigendur, svo að til eignarnáms þurfi ekki að koma, nema í verulegar nauðir reki.

Við 5. gr.

Rjett þykir, að setja ákvæði um það í lögín, að landsstjórnin sjái um alla framkvæmd verksins. Hinsvegar virðist eðlilegast, að umsjá og viðhald verði hjá sýslunni og á kostnað sýslusjóðs eingöngu, þó með sjálfstöðum eftirlitsrjetti af hálfu landsstjórnar.

Við 6. gr.

Þó umsjón og viðhald sje samkv. 5. gr. eingöngu hjá sýslufjlaginu, þá er þó óhjákvæmilegt, að undan sjeu teknar meiri háttar umbætur, sem kostaðar verði í sama hlutfalli eins og hið upprunalega verk. Til slíkra umbóta eða viðauka á þó ekki að koma, nema eftir samkomulagi landsstjórnar og sýslustjórnar.